



30. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 12. febrúar 2013, kl. 17:00

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 30. fundar þriðjudaginn 12. febrúar 2013 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Stefanía. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1) Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

2) Fundagerðir:

- a. Bæjarráð frá 17. janúar 2013
- b. Bæjarráð frá 24. janúar 2013
- c. Bæjarráð frá 31. janúar 2013
- d. Bæjarráð frá 5. febrúar 2013

3. Skýrsla bæjarstjóra

Afgreiðslur:

1) Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 40.000.000 kr. , í samræmi við samþykkt skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að endurfjármagna afborganir sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2013, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni, kt. 161171-4339, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Blönduósbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Samþykktu bæjarfulltrúar þessa lántöku samhlj. með 7 atkv.

2) Fundagerðir:

a. Bæjarráð frá 17. janúar 2013

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Varðandi 4. lið. Gjaldskráin fjallar um aukavatnsgjald og er gjald fyrir hvern m³ að 50.000 m³ kr. 14,00. Reglur um afslátt til stórnotenda og mælaleiga fyrir mismunandi stærð af rennismælum. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.



b. Bæjarráð frá 24. janúar 2013

Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Varðandi 3. lið fundargerðarinnar þá felur Bæjarstjórn bæjarstjóra að ræða við sveitarstjóra Húnavatnshrepps um hvernig best sé að vinna áfram að frekari hugmyndum Húnavatnshrepps um sameiningu allra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

c. Bæjarráð frá 31. janúar 2013

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um báða liði fundargerðarinnar. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

d. Bæjarráð frá 5. febrúar 2013

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Varðandi lið 3. þá rakti Ágúst Þór fyrri afgreiðslur varðandi lóðamál að Brimslóð 8. Eftirfarandi bókun var lögð fram.

„Bókun L-lista vegna bókunar Oddnýjar M. Gunnarsdóttur við 3. lið fundargerðarinnar. L-listinn undrast þær rangfærslur sem felast í bókun Oddnýjar og vísar þeim alfarið á bug enda er ekki neitt tilefni til þeirra stóryrða sem hún kys að grípa til. Bæjarstjórn mun hér eftir sem hingað til leitast við að vinna að málefnum sveitarfélagsins með íbúum Blönduósbæjar með hagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi“ Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3) Skýrsla bæjarstjóra

Bæjarstjóri kynnti skýrslu bæjarstjóra. Skýrslan verður birt á heimasíðu Blönduósbæjar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:50.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Stefanía Garðarsdóttir, ritari (sign.)



Bæjarstjórn Blönduósþæjar